

## **10. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, Végarði 18.11 2018, kl. 19:30**

*Mætt:* Lárus Heiðarsson, Jóhann F. Þórhallsson, Anna Jóna Árnarsdóttir, Eiríkur J. Kjerúlf. Gunnar Gunnarsson boðaði forföll stuttu fyrir fund.

### **1. Tilboð í gistihús og tjaldsvæði við Végarð**

Í upphafi fundar var farið yfir gögn sem sveitarstjórn hefur aflað sér. En það eru upplýsingar um rekstrarkostnað og tekjur sveitarfélagsins af leigu á gistihúsinu við Végarð síðustu 5 ár. Þessar upplýsingar voru fengnar frá endurskoðanda sveitarfélagsins. Út frá þeim upplýsingum voru sveitarstjórn sammála um að ekki væri verjandi fyrir sveitarfélagið að leigja gistihúsið á minna en 3 milljónir á ári.

Jósef Valgarð Þorvaldsson og Helga Vigfúsdóttir mættu til fundarinn klukkan 20:00. Þau óskuðu eftir móttilboði frá sveitarstjórn og var þeim kynnt það sem sveitarstjórn hafði áður ákveðið varðandi lágmarks leigugjald á ári. Þau báðu um umhugsunarfrest áður en þau svöruðu tilboði sveitarstjórnar.

Fundi slitið klukkan 20:38

Lárus ritaði fundargerð í tölvu.

Lárus Heiðarsson (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)

Eiríkur J. Kjerúlf (sign)

Jóhann F. Þórhallsson (sign)